



## Ræða Guðmundar Í. Guðmundssonar í Allsherjarþinginu 25. september 1958

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Alþingismaður – Ritstjóri – Landhelgisdeilan – Guðmundur Í.  
Guðmundsson – Allsherjarþing Sameinuðu Þjóðanna

### *Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmalamaðurinn***

Askja 2-25, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



*Frá utanríkisráðuneytinu.*

Þessi roða er haldin  
eftir at Selwyn Floyd  
þar fann tilfinguna í  
alshrejanþingum um  
at stjota málium til  
alþingadansins  
Tillign S. H. er óbeint  
svart í roða G. I. G. (6/13)  
Þú sé heldur eldi á  
Hans G. Audenun hafi  
reistalepa roð þetta atlið  
í roða sínu í G. veldium  
þú feldur einn í roða H. S. B.

R E Þ A

utanríkisráðherra Íslands, hr. Guðmundar Í. Guðmundssonar á  
allsherjarþinginu 25. sept. 1958.

---

Herra forseti!

Ísland hefur ekki tekið þátt í allsherjar umræðum hér nokkur undanfarin ár. Við höfum hlýtt með athygli á alla þá sem hafa borið fram tillögur til lausnar á hinum margvíslegu, alþjóðlegu vandamálum, eða hafa flutt vegvilltu og kvíðnu mannkyni heilræði eða vísað því veginn. Sendinefnd Íslands hefur venjulega kosið að gera grein fyrir afstöðu sinni við meðferð hinna ýmsu mála í nefndunum, vel vitandi þess, að smáþjóðir eins og Íslendingar geta lítið lagt af mörkum til að leysa í orði eða á borði hin alþjóðlegu vandamál, eða til að fjarlægja þá miklu og geigvænlegu hættu, sem vofir yfir öllu mannkyni eins og sverð Damoklesar. Það er verkefni stórveldanna að leysa slík stórmál. Þau eru eft völd að þessum vandamálum, og þau ein geta og verða að leysa þau. Allt mannkynið, allar þjóðir heims, mannfólkið allt, beinir sjónum sínum til stórveldanna og krefst þess, að þau jafni ágreiningsmál sín, svo að mannkynið megi anda og lifa í friði og njóta frelsis án ótta við tortímingu.

Að þessu sinni hefur Ísland brýna ástæðu til að láta rödd sína heyrast hér í þinginu við þessar almennu umræður, og eg skal skýra vegna hvers síðar.

Látum okkur fyrst líta á nokkur af hinum 72 dagskráratriðum þessa allsherjarþings. Sum þeirra eru gamlir kunningjar, sem rædd hafa verið á mörgum fyrri þingum, og þau eru jafn óleyst og óleysanleg nú í dag og þau voru fyrir mörgum árum. Þetta á sérstaklega við um slík atriði eins og meðferð Indverja í Suður-Afríku, en það mál hefur verið á dagskrá allsherjarþingsins síðan 1946, og einnig dagskrárliðurinn um kynþáttastríðið í Suður-Afríku, sem rætt hefur verið um hér síðan 1952. Íslenska sendinefndin hefur alltaf verið á þeirri skoðun, að allsherjarþingið eigi rétt á að láta þessi mál til sín taka, og að við verðum að finna lausn samkvæmt 55. grein, C-lið, stofnskrár okkar, þar sem allar þjóðir innan S.Þ. heita því

að efla "almenna virðingu fyrir og gæzlu mannréttinda og frelsis fyrir alla án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða". Íslenska þjóðin, sem er öll af einum og sama stofni á erfitt með að skilja nokkra stjórnarstefnu eða framkvæmd, sem mismunar mönnum vegna kynþáttar. Við viljum aðhyllast mannúð og viljum fylgja henni, og við leyfum okkur enn að vona, að ríkisstjórn Suður-Afríku sjái það, að viturlegt er að endurskoða stefnu sína með það fyrir augum að útrýma óréttlæti til að forðast alvarlegar afleiðingar og hættulegar deilur.

Eins og undanfarin ár, mun afvopnunarmálið nú í ár verða aðalefnið í umræðum okkar. Frá því að S.P. hófu verulega starfsemi sína árið 1946, hafa þær ætíð látið sig miklu skipta afvopnunarmálin - - eða réttara sagt það að draga úr vígbúnaðinum. Þetta mál hefur verið á dagskrá sérhvers hinna 12 undanfarna þinga. Það hefur verið rætt þar mánuðum saman. Í meira en heilt ár samtals hefur málið verið rætt í allsherjarþinginu einu þessi undanfarin 12 ár, en þar við bætast svo allir þeir mánuðir, sem hinar ýmsu afvopnunarnefndir hafa átt í meðferð málsins. Mikill fjöldi ályktana, þar sem fram hafa komið frómar og fallegar óskir um minnkun vígbúnaðar, um að draga úr viðsjánum í alþjóðamálum, og um friðsamlega sambúð og vingjarnlega samvinnu þjóðanna, hefur hlaðist upp ár eftir ár. Heil biblía góðs ásetnings. En því miður, árangur hefur enginn sézt ennþá. Vígbúnaðar kapphlaupið hefur haldið áfram, það hefur aukizt og magnazt. Nýjar og stöðugt stórvirkari drápsvélar hafa verið fundnar upp. Það er vitað, að á árunum 1948-1956 höfðu þjóðir heimsins eytt meira en 420 billjónum dollara í vígbúnað, og árið 1957 voru hernaðarútgjöldin talsvert yfir 100 billjón dollara. Allur heimurinn undrast nú og spyr, hvert er verið að teyma okkur, hvert er leiðinni haldið, hvað kemur næst? Eg vil þó með ánægju viðurkenna það, að undanfarna mánuði hafa spor verið stigin fram á við á leiðinni til aukins skilnings og samvinnu meðal stórþjóðanna. Eg á hér við þrjú atriði. Hið fyrsta er ráðstefnan í Genf, þar sem mættir voru sérfræðingar frá 8 þjóðum, þar á meðal frá Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, til að kynna sér tæknilega möguleika um brot á eftirliti gegn væntanlegu samkomulagi um frestun kjarnorkusprenginga. Sérfræðingarnir urðu

á einu máli um það hvers krafizt væri til þess tæknilega, og létu í ljósi þá skoðun, að eftirlit með kjarnorkusprengingum væri kleift og æskilegt. Þetta ætti að geta gefið auða leið fram á við. Annað atriði er það, að stórveldin hafa orðið sammála um að koma saman í Genf hinn 31. október til þess að ræða um frestun á kjarnorkusprengingum. Þess er að vanta, að enginn pólitískur hráskinnaleikur verði látinn hindra það, að þessi ráðstefna fari fram, né það, að samningsmennirnir nái viðunandi árangri.

Priðja vonarglætan er sú, að stórveldin hafa ennfremur ákveðið að senda sérfræðinga til Genf hinn 10. nóvember til þess að ræða um leið til að fyrirbyggja skyndilega hernaðarárás. Allt þetta eru spor í rétta átt og vísa veginn fram á við. Það virðist svo, að heppilegasta leiðin til þess að koma á samvinnu og ryðja úr vegi pólitískum hindrunum sé sú, að vísindamenn heimsins og sérfræðingar kryfji málefnið fyrst til mergjar sjálfir og undirbúi grundvöllinn fyrir stjórnálmennina til að koma saman og halda viðræðunum áfram. Það var leitt að síðasta allsherjarþingi skyldi ljúka svo, að afvopnunarnefnd þingsins var óstarfhæf. Við ættum að reyna á allan hátt að ná samkomulagi um meðferð hins þýðingarmikla máls um afvopnun nú að þessu þingi, og gjöra ráðstafanir til þess að afvopnunarnefndin gæti hafið fundi sína að nýju, en slíkir fundir væru gagnslausir og tilgangslausir nema öll stórveldin væru þar viðstödd, og væri þá heppilegt að fleiri ríki sætu slíka fundi til aðstoðar og væntanlega til leiðbeiningar. Allur þessi undirbúningur afvopnunarnefndarinnar gæti svo einhverntíma síðar leitt til funda hinna æðstu manna heimsins, og jafnvel komið frá slíkum fundi einhver trygging um friðsamlega framtíð og vinsamlega sambúð allra þjóða heims. Íslenzka sendinefndin fylgist með óskiptri athygli með öllum samningum um afvopnun, og hún hefur aðeins eina ósk fram að bera í þessu máli, og það er, að stig af stigi og eins fljótt og auðið er megi mannkynið frelsast út úr vígbúnaðarkapphlaupinu og búa sér framtíð öryggis og frelsis án ótta og kvíðboga.

Hvað það snertir að koma á friðsamlegu viðhorfi í heiminum, þá álítum við að gæzlulið Sameinuðu þjóðanna gæti haft miklu hlutverki að gegna. Við álítum það ekki nauðsynlegt, að sérstakt gæzlulið innan Sameinuðu þjóðanna sé sett

á laggirnar sem föst alþjóðleg stofnun, heldur teljum við nægilegt, að ákveðnar hersveitir séu hafðar til taks hjá ýms-um þjóðum, og unnt sé að kalla til þeirra, er vanda ber að höndum, og þörf er á, að álitu Sameinuðu þjóðanna. Á þennan hátt mundi hið nýja gæzlulið Sameinuðu þjóðanna vera eins- konar alþjóðlegt slökkvilið, sem ætti að koma í veg fyrir, að smáskærur og innanlandsdeilur brjótist út og yrðu að alþjóð- legri baráttu, eða jafnvel leiddu til styrjaldar ófarnaðar. Við verðum alltaf að hafa það í huga, að hvaða skærur sem brjótast út, og hvar sem er á hnettinum, geta í okkar saman- þjappaða heimi orðið að mikilli styrjöld. Í viðleitni okkar til að komast hjá bardögum megum við ekki gleyna því, að mörgum fyrri styrjöldum í heiminum hefði verið hægt að komast hjá með polinmæði, umburðarlyndi og stöðugri samningaviðleitni, og enn- fremur skulum við minnst þess, að allar þjóðir eru bundnar af ákvæðum sáttmála S.P., en þar segir í 2. grein, málslíðum 3 og 4, að öll ríki verði að heita því "að jafna alþjóðlegar deilur á friðsamlegan hátt" og "að forðast í sambúðinni við aðrar þjóðir að beita valdi eða hóta því, gegn friðhelgi lands eða stjórnmalalegu sjálfstæði nokkurs lands." Það virðist því, að þegar þessi hátíðlegu loforð eru athuguð verði talsvert ósam- ræmi í því, að stóru þjóðirnar og svo margar aðrar skuli eyða mestum hluta fjármagns síns árlega til þess að byggja upp her- vald og leggja á herðar sér hin stórfelldustu hernaðarútgjöld, sem nú á tímum miða aðallega að því að finna hin geigvænleg- ustu tæki til eyðileggingar og útrýmingar. Það er vissulega svo augljóst hversu stórkostlegar kjarabætur mætti veita öllu mannkyninu ef byrðum vígbúnaðarins væri létt af að einhverju leyti, þótt ekki nema litlum hluta af hernaðarútgjöldunum væri beint til friðsamlegra og mannúðlegra framkvæmda víðsvegar um heiminn. Á þann veg væri unnt að bæta lífskjörin, sérstak- lega í hinum fátækari löndum, þar sem fólkið hefur orðið að fara á mis við svo mikið af lífsins gæðum. Atvinnu mætti stór- auka, menntun og menningu mundi fleyta fram, og velfarnaður fólksins mundi tryggður. Sendinefnd Íslands hefur ætíð hér á þinginu, látið í ljósi tryggð við slíka hugsjón, enda þótt við kunnum að hafa lítið öðrum að miðla. En sérhver þjóð, hvort sem hún er stór eða lítil, hefur fyrst og fremst þá skyldu á herðum sér að skapa traust þjóðfélag heima fyrir og

að tryggja hverjum þegni sínum viðunandi líf skjör, og á þann veg geta einnig smáþjóðirnar, hver í sínu lagi, stuðlað að velferðarmálum heimsins í heild. Við skiljum það einnig, að smáþjóðirnar hafa sínar skyldur, og geta ekki komið sér undan ábyrgð á vettvangi alheimsmála, enda er það svo, að framferði þeirra getur leitt til hinna stærstu viðburða, bæði til góðs eða til ills.

Hvað snertir hin einstöku málefni á dagskrá þessa þings, vil eg leyfa mér að víkja að nokkrum þeirra.

Sérstakt aukabing var kallað saman í síðasta mánuði vegna hins hættulega útlits í nálægum Austurlöndum. Góðu heilli, lánaðist því þingi að fá samþykkt samhljóða, ályktun, er má að miklu leyti þakka skilningi og skynsamlegri framkomu allra Arabaríkjanna. Við biðum nú skýrslu forstjóra Sameinuðu þjóðanna, sem þetta aukabing fól að reyna að gera ráðstafanir til skjótrar lausnar á vandamálinu. Í hinum nálægari Austurlöndum hafa undanfarið skapast mörg og margvísleg vandamál, og flest þeirra eru ennþá óleyst. Sum þeirra eru mjög pólitísk. Önnur eru fjárhagsleg eða mannúðleg, og það er víst að þangað til að málefni nálæggra Austurlanda eru tekin til meðferðar sem ein heild, og á viðtökum grundvelli, þá munu nýir og nýir erfiðleikar verða á vegi okkar, og ógnarský svífa áfram yfir höfðum okkar.

Hvað snertir Alsírmálið, þá mun sendinefnd Íslands halda fram sjálfsákvörðunarrétti, og höfum við alltaf staðið á þeim grundvelli hér um meðferð málsins hjá Sameinuðu þjóðunum. Þess vegna vorum við ákveðnir stuðningsmenn sjálfstæðiskrafna Tunis og Morocco, en hvorttveggja var mikið deilumál um tíma meðan þau mál voru til meðferðar hér á þinginu. Ef mikill meiri hluti fólksins í Alsír þráir og krefst sjálfstæðis, þá er víst að ekkert vopnavald getur til lengdar haldið þeim kröfum niðri. Fyrsta nauðsynlega sporið er það að koma á vopnahléi og taka upp samninga að nýju. Í þessu máli eins og svo mörgum öðrum, þar sem viðsjár og barátta hafa átt sér stað, þá er það viturlagt að láta nokkurn tíma líða hjá áður en þess er unnt að vanta, að samningaviðræður beri árangur. Það er einnig gott að minnast þess, að það er ekki endilega nauðsynlegt, að fullkomið sjálfstæði komi allt í einu, og jafnvel þó fólkið óski þess, þá verður að athuga að það tekur tíma að byggja upp nýtt



ríki og allar þess grundvallarstofnanir, og koma örugglega á öllum nauðsynlegum breytingum.

Ennþá einu sinni höfum við hið mikla vandamál um Kýpur, sem reynzt hefur óleysanlegt. Einnig í þessu máli hefur sendinefnd Íslands alltaf haldið fram sjálfsákvörðunarréttinum, en við erum einnig þeirrar skoðunar, að það ætti að ætla nokkurn tíma til athugunar áður en síðustu sporin eru stigin. Við verðum einnig að hafa það í huga, að enda þótt að það séu um 400 þúsund manns af grískri ætt á Kýpur, þá er þar einnig hinn mikli minni hluti fólksins af tyrknesku bergi brotinn, sem samtals er allt að því 100 þúsund.

Leyfið mér, herra forseti, að minnast á mál, sem er mikið áhyggjuefni fyrir ríkisstjórn mína eins og allar aðrar ríkisstjórnir Vestur-Evrópu, og það er sameining Þýskalands. Á meðan Þýskaland er klofið, þá verður það alltaf hættulegt ástand fyrir öryggi Evrópu og fyrir alheimsfriðinn í heild. Við álitum, að hér eigi einnig að beita reglunni um sjálfsákvörðunarrétt, og að þýzku þjóðinni beri að öðlast tækifæri til að lýsa hug sínum við frjálssar kosningar í báðum hlutum landsins. Þýskaland verður að fá rétt til sjálfsákvörðunar, og til að ákveða í frjálsum kosningum framtíð og örlög þessarar þroskuðu og gáfuðu þjóðar. Ég segi þetta án andúðar gegn nokkrum aðila, en aðeins í vitund og sannfæringu þess, að þýzka þjóðin er ein þjóð, sem er sterklega sameinuð í bræðralagi og blóðtengslum. Það væri ánægjulegt að bjóða hina þýzku þjóð velkomna í samtök hinna Sameinuðu þjóða.

Eins og eg gat um áðan, þá getum við aldrei vænt þess að byggja upp friðsamlegan og öruggan heim nema við höldum áfram og mögnum baráttu okkar gegn fátækt, hungri og sjúkdómum á stórum svæðum hnattarins. Sérhvert spor í þá átt er okkur því fagnaðarefni, og við erum sannfærðir um það, að stofnun hins Sérstaka sjóðs Sameinuðu þjóðanna markar áfanga í þá átt, og að sjóðurinn getur haft mjög heillavænleg áhrif í ýmsum löndum heimsins. Tæknihjálpin hefur breitt út blessun sína og náð miklum árangri í mörgum löndum, og það ber að auka hana og styrkja.

Á dagskrá okkar er nú í fyrsta sinn hvernig mönnum beri að notfæra sér himingeiminn, enda er nú innrás mannanna inn á það svið að verða að veruleika. Vegna hinna síðustu afreka

vísindanna, þá er það nú orðið geysilega þýðingarmikið að tryggja alþjóðlega samvinnu um friðsamlega notkun himingeimsins, og það ber að vinna að ráðstöfunum í því skyni sem fyrst til þess að tryggja það, að notkun geimsins sé aðeins leyfileg til hagsbóta fyrir mannkynið.

Herra forseti: Eins og eg minntist á í upphafi, hefur Ísland sérstaka og brýna ástæðu til þess að kveðja sér hljóðs í þessum almennu umræðum í sambandi við 59. dagskrármálið, sem fjallar um, hvort kvödd verði saman önnur alþjóðleg ráðstefna um réttarreglum á hafinu. Eg myndi bregðast skyldu minni, ef eg léti ógert að ræða um vandamál, sem hefur skapað varðandi fiskveiðar við strendur Íslands -- vandamál, sem er þess eðlis, að það hefur orsakað hina alvarlegustu deilu milli tveggja vinveittra þátttökupjóða S.Þ.

Að dómi mínum eru það nokkur mikilvæg atriði, sem sérstaklega ber að hafa hugföst í þessu sambandi.

1. Sú óumdeilanlega staðreynd hefur verið margsinnis áréttuð bæði á þessum vettvangi og annarsstaðar, að Ísland væri vart byggilegt án fiskveiða við strendur landsins. Ísland hefur raunverulega ekki önnur náttúrugæði en fiskimiðin. Vegna hinnar norðlægu legu þess, er landbúnaður háður miklum takmörkunum. Námur eru engar og skógar eru engir. Vegna þessara ástæðna þarf að flytja inn flestar lífsnauðsynjar, og þær eru fyrst og fremst greiddar með sjávarafurðum, sem nema um 97% af heildarútflutningnum.

Tilvera Íslendinga byggist þannig á því, að þeim takist að vernda fiskistofnana við strendur landsins.

Þetta var fyrsta atriðið, sem eg vildi leggja áherzlu á, herra forseti.

2. Reynsla seinustu áratuga hefur sýnt óumdeilanlega, að fiskistofnarnir við Ísland mundu ganga til þurrðar, ef nauðsynlegar ráðstafanir eru ekki gerðar til að hindra rányrkju á fiskimiðunum. Ríkisstjórn Íslands hefur því talið óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að tryggja hagsmuni þjóðarinnar á þessu sviði. Í þessu sambandi ber að veita því sérstaka athygli, að ráðstafanir til að vernda fiskistofnana hafa ekki aðeins verið Íslendingum til hagsbóta, heldur öllum þeim þjóðum, er stunda fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.

Eg sé ekki ástæðu til að nefna sérstakar tölur í þessu sambandi, en læt nægja að benda á, að á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöldina, milli heimsstyrjaldanna, og eftir seinni heimsstyrjöldina, þegar stór og vaxandi floti erlendra togara stundaði veiðar á Íslandsmiðum, fór fiskafli þar stöðugt þverrandi, svo að fullkomin eyðing fiskistofnanna var yfirvofandi. Hinsvegar jókst fiskaflinn stöðugt á stríðsárunum, þegar engir erlendir togarar stunduðu veiðar við Ísland. Það er viðurkennd staðreynd, að hefði ekki þessi friðun á stríðsárunum átt sér stað, hefðu hrygningar- og uppeldisstöðvar fiskstofnanna verið eyðilagðar, og fiskveiðar við Ísland væru þá úr sögunni. Ef þannig hefði farið, væri Ísland nú tæplega byggilegt.

Af framangreindum ástæðum hefur það verið stefna ríkisstjórnar Íslands, að fiskstofnarnir við strendur landsins skyldu varðir eins og alþjóðalög frekast leyfðu.

Íslenska ríkisstjórnin hefur árum saman reynt að tryggja verndun fiskstofnanna á grundvelli alþjóðlegrar samvinnu. Samkvæmt því lagði Ísland það til á allsherjarþinginu 1949 -- eða fyrir næstum 10 árum -- að Þjóðréttarnefnd S.Þ. skyldi falið að setja reglur um víðáttu lögsögu strandríkja. Íslendingar gerðu sér vonir um, að takast mætti þannig á stuttum tíma að fá lausn á þessu vandamáli, sem er svo mikilvægt fyrir afkomu þeirra í framtíðinni.

Það er staðreynd, að á liðnum öldum voru fiskveiðihagsmunir Íslendinga betur tryggðir en nú, þótt veiðitækni hafi mjög farið fram. Á 17. öld, 18. öld, og fyrri hluta 19. aldar, voru fiskveiðitakmörkin umhverfis Ísland fjórar vikur sjávar -- ein vika sjávar jafngilti fyrst 8 mílum, síðan 6 og loks 4 sjómílum. Með öðrum orðum, fiskveiðitakmörk Íslands voru fyrst 32 mílur, síðar 24 mílur, og á 19. öld voru þau komin niður í 16 mílur. Á síðari helmingi 19. aldar virðist ekki hafa verið framfylgt nema 4 mílna fiskveiðitakmörkum. Allan þennan tíma voru erlendum mönnum bannaðar veiðar í fjörðum og flóum landsins.

Árið 1901, þegar Ísland var enn undir yfirráðum Dana, var svo gerður samningur milli ríkisstjórna Danmerkur og Bretlands, þar sem ákveðinn var þriggja mílna fiskveiðilandhelgi, sem í flóum og fjörðum skyldi dregin frá línu næst mynninu, þar sem fjarlægðin væri ekki meiri en 10 mílur. Þessi samningur

gilti til 1951, er íslenska ríkisstjórnin hafði sagt honum upp. Eyðing fiskstofnanna var þá augljóslega yfirvofandi vegna ofveiði, og Ofveiðisamningarnir frá 1937 og 1946 veittu ekki neina vörn gegn þeirri öfugþróun.

Árið 1952 var gefin út reglugerð, er gerir ráð fyrir beinum grunnlínunum, og fiskveiðitakmörkin voru ákveðin fjórar mílur frá þeim grunnlínunum.

Reglugerð þessari var hörkulega mótmælt af sumum aðilum, þrjár eða fjórar ríkisstjórnir héldu því fram, að reglugerðin bryti í bág við alþjóðalög, og að þaræð hún útilokaði erlenda fiskimenn frá svæðum, þar sem þeir hefðu áður veitt, myndi hún stórminnka afla þeirra. Í Bretlandi, þar sem Íslendingar höfðu áður selt nálega 25% af afla sínum, var markaðnum algerlega lokað um fjögurra ára bil, og var það gert til þess að valda þjóðarbúskap Íslands alvarlegu tjóni.

Síðari rás viðburðanna hefur greinilega sýnt, að ótti hinna erlendu fiskveiðihagsmuna við minnkandi afla var alls ekki á rökum reistur. Það er nú viðurkennt af öllum, sem hlut eiga að máli, að með reglugerðinni frá 1952 var ekki aðeins stöðvuð hin óheillavænlega þróun, heldur tókst að koma af stað þróun í aukningarátt til hags fyrir alla, er stunda veiðar við strendur Íslands. Samt sem áður eru þess greinileg merki, að jafnvel lítilsháttar aukin veiði mundi leiða til rányrkju. Einnig verður að líta á þá hlið málsins, að komið geta til sögunnar nýjar veiðiaðferðir. Risastór verksmiðjuskip, sem búin eru rafmagnsveiðitækjum og dælum, kunna ef til vill að sýnast ýkjur, en á núverandi öld tækniframfaranna, geta slíkir viðburðir verið á næsta leiti.

Með hliðsjón af þeirri þróun og þeim vandamálum, sem hér er um að ræða, var íslenska ríkisstjórnin fastlega sannfærð um, að gera þyrfti frekari ráðstafanir með það tvennt fyrir augum, að tryggja nauðsynlega verndun fiskistofnanna, og varðveita lífshagsmunum á sviði fiskveiða við strendur landsins. Þessvegna var gefin út ný reglugerð hinn 30. júní, 1958, um 12 mílna fiskveiðilandhelgi við Ísland, sem þó skyldi ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. september 1958.

Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta atriði, þaræð íslenska ríkisstjórnin mun eftir nokkra daga afhenda sjöttu nefndinni greinargerð, þar sem mál þessi verða útskýrð í ein-

stökum atriðum.

Eg kem nú að þriðja atriðinu.

3. Eins og áður er tekið fram, hefði íslenska ríkisstjórnin kosið að leysa þetta vandamál með alþjóðlegri samvinnu. Ríkisstjórn mín lagði mál þessi í heild fyrir Sameinuðu þjóðirnar fyrir næstum áratug í þeirri von, að unnt væri að finna á þeim skjóta lausn. Íslenska ríkisstjórnin hefur beðið í 10 ár eftir lausn á alþjóðlegum vettvangi. Hún taldi ekki fært að bíða lengur.

Áður en við færðum út fiskveiðilandhelgina í 12 mílur, hinn 1. september þessa árs, ræddum við málið við nágranna okkar á Atlantshafssvæðinu til þess að reyna að finna viðunandi lausn. Það var ætíð ætlunin, að tíminn frá 30. júní, þegar reglugerðin var gefin út, fram til 1. september, þegar hún kom til framkvæmda, skyldi notaður til að útskýra hana og vinna að skilningi á henni og stuðningi við hana. Eg tel rétt að taka fram, að allan tímann, sem á viðræðum þessum stóð, vonuðum við einlæglega og héldum, að málið yrði leyst á vinsamlegan hátt. En því miður rættust ekki vonir okkar.

Ákveðnar og fastar reglur eru ekki til í alþjóðarétti um víðáttu lögsögu strandríkja, og hefur það komið skýrt í ljós af dómi alþjóðadómstólsins í Haag í brezk-norsku fiskveiðideilunni, og af störfum alþjóðlegu laganefndarinnar og af árangri Genfar-ráðstefnunnar 1958. Einnig verður að taka tillit til hinna sérstöku og óvenjulegu aðstæðna, sem eru ráðandi um víðáttu fiskveiðitakmarkanna við Ísland, en það eru landfræðilegar, efnahagslegar, pólitískar og sögulegar aðstæður, sem eru sérstakar fyrir Ísland, og eingöngu fyrir Ísland.

Minnast verður hinna mjög mismunandi reglna strandríkja, hvað snertir víðáttu landhelgi þeirra og fiskveiðitakmarka, og síðustu þróunar á þessu sviði í heild.

Enda þótt alþjóðlega laganefndin lyki ekki við störf sín, hvað snertir víðáttu lögsögutakmarka með ströndum fram, þá er það staðreynd, að hún hélt því fram, að ólöglegt myndi vera að beita slíkri lögsögu lengra út en 12 mílur. Sú staðreynd styður greinilega aðgerðir Íslands. Á Genfar-ráðstefnunni um réttarreglur á hafinu, náðist engin lokalausn, en fullljóst er, að meiri hluti ríkja, sem eru fulltrúar fyrir yfirgnæfandi meiri hluta mannkynsins, eru fylgjandi 12 mílna fjarlægðinni í

einni eða annarri mynd.

Það er einlæg sannfæring íslensku ríkisstjórnarinnar, að þær aðgerðir hennar, að láta 12 mílna fiskveiðilandhelgina taka gildi og koma til framkvæmda, séu greinilega innan takmarka alþjóðaréttarins.

Sumar af þeim þjóðum, sem stunda fiskveiðar við Íslandsstrendur, hafa mótmælt reglugerðinni, og við höfum einnig sætt gagnrýni fyrir að ákveða fiskveiðitakmörkin með einhliða ráðstöfunum. Slík gagnrýni er ekki á rökum reist. Það er ekkert einsdæmi, heldur hefur almenn framkvæmd verið það, að strandríki megi og raunverulega ákveði einhliða, með lagasetningu, víðáttu lögsögu sinnar með ströndum fram. En hafa verður í huga, að fjöldi strandríkja hefur með einhliða ráðstöfunum ákveðið fiskveiðitakmörk sín, eða landhelgi sína 12 mílur, eða jafnvel miðað við miklu meiri fjarlægð. Mörg annarra ríkja hafa látið í ljós fyrirætlanir um að gera slíkar ráðstafanir áður en langt um líður.

Meðan viðræður stóðu yfir á síðastliðnu sumri milli Íslendinga og grannþjóða þeirra, var lögð á það áherzla af öllum aðilum, -- engu síður þeim, sem mótmæltu hinn nýju reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands, -- að mjög mikilsvert væri að forðast alla alvarlega árekstra. Ríkisstjórn Íslands vill nota þetta tækifæri til að þakka þeim ríkisstjórnnum, er hafa farið að samkvæmt þessu og varað fiskiskip frá viðkomandi löndum við að stunda veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Aðeins ein ríkisstjórn -- ríkisstjórn Bretlands -- kaus að fara aðra leið. Ríkisstjórn Bretlands hefur kvatt brezka togara til þess að veiða innan 12 mílna markanna, og hefur sent herskip þangað til að verja ólöglegar veiðar togaranna, og til að þvinga ríkisstjórn Íslands með hervaldi til þess að fallast á sjónarmið Breta í þessum efnum.

Þessu hefur íslenska ríkisstjórnin þegar mótmælt, og eg áréttu þessi mótmæli hér.

Eg vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að eitt af stórveldum Evrópu, Sovétríkin, hafa fylgt 12 mílna landhelgi um alllangt skeið, án þess að vitað sé, að Bretar hafi sent herskip þangað til að gæta réttar, sem þeir telja sig eiga samkvæmt alþjóðalögum, og þetta jafnt á þeim tíma, þegar ekkert samkomulag var milli Sovétríkjanna og Bretlands um þessi efni.

Sannleikurinn er líka sá, að Bretar eru ekki með þessu framferði sínu að halda uppi alþjóðalögum, heldur að viðhalda úreltum yfiringangi með því að ganga á rétt og hagsmuni Íslendinga.

Þessi yfiringangur Breta mun hinsvegar síður en svo beygja Íslendinga. Þvert á móti eru Íslendingar nú sameinaðri um það en nokkru sinni fyrr að víkja hvergi frá tólf mílna fiskveiðilandhelginni. Þeir eru líka sannfærðir um, að réttmætur og löglegur málsstaður þeirra muni fyrr eða síðar hrósa sigri, þar sem hér er um sjálfa afkomu þjóðarinnar að ræða. Til langframa verður heldur ekki hægt að halda uppi togveiðum undir herskipavernd, enda hafa aflabrögð brezkra togara aldrei verið lakari á Íslandsmiðum en síðan sú nýstárlega og einstæða veiðiaðferð kom til sögunnar.

Þótt Íslendingar séu vissir um endanlegan sigur sinn í þessum átökum, er þeim vel ljóst, að þau geta haft alvarlegustu árekstra í för með sér, t.d. ef brezk skip halda áfram þeim hætti að reyna að sigla niður varðskip Íslendinga. Ef til slíkra árekstra kæmi, gæti það haft alvarlegustu afleiðingar fyrir sambúð þjóðanna á Norður-Atlantshafssvæðinu. Þrátt fyrir þetta hafa Íslendingar ekki viljað sækja Breta til sakar á alþjóðlegum vettvangi. Vegna gamallar vináttu þessara þjóða, munu Íslendingar forðast allt ofurkapp, sem gæti torveldað Bretum að taka upp rétta stefnu. Sannfæring Íslendinga er sú, að fyrr eða síðar muni stjórnmalahyggindi Breta mega sín hér meira, og þeir því hætta yfiringangi, sem heyrir til liðnum tíma.

Almenningsálitið í heiminum hefur oft reynzt stórveldunum hollur leiðarvísir, þegar þau hafa þráast við að halda í úrelta yfirdrottnun. Af þeim ástæðum er þessu máli hreyft hér af hálfu Íslands, að Íslendingar treysta því, að aðrar þjóðir skilji hina algeru sérstöðu þeirra varðandi verndun fiskimiðanna við landið, og almenningsálitið í heiminum verði Bretum þannig öflug leiðbeining um að hætta ofbeldinu á Íslandsmiðum.

Síðasta atriðið, herra forseti, er þetta: Hvert verður framhaldið? Það er augljóst mál, að finna verður lausn á máli þessum í heild svo fljótt sem unnt er, og við vonum, að slík lausn verði fundin á þessu allsherjarþingi.

Þess má minnast, að á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1956 hélt íslenzka sendinefndin því fram, að þaræð alþjóða laganeftndinni hefði ekki tekizt á mörgum árum að semja

reglur um rétt mörk lögsögu strandríkja, þá væri ekki mjög líklegt, að sérfræðingaráðstefna myndi geta leyst þetta sérstaka verkefni. Því miður vorum við þá einir um þá afstöðu, að allsherjarþingið skyldi sjálft reyna að leysa vandamál þetta.

Nú er það kunnugt, að sérfræðingaráðstefnunni, sem haldin var í Genf síðastliðið vor, tókst ekki að semja reglur um viðáttu strandlögsögunnar. Eg tel því, að hlutverki sérfræðinganna mætti vera lokið, og frekari árangurs sé naumast að vænta af nýrri ráðstefnu.

Það er skoðun íslenzku ríkisstjórnarinnar, að við megum því ekki skapa hættu á frekari alvarlegum árekstrum meðan beðið er eftir því, að ný ráðstefna komi saman, -- ráðstefna, sem eg legg áherzlu á, að ekki mundi vera líklegri til að ná árangri við lausn þessa viðkvæma pólitíska máls, heldur en fyrirrennari hennar síðastliðið vor.

Íslenzka ríkisstjórnin álítur, að allsherjarþinginu sjálfu beri að finna, og að það geti fundið, alþjóðlega lausn á þessu sviði, er tryggi sanngjörn réttindi strandríkja og taki fullt tillit til sérstöðu þeirra ríkja, er byggja afkomu sína að langmestu leyti á fiskveiðum við strendurnar, eins og Ísland.

Sjötta nefndin er fyllilega fær um að taka mál þetta til vandlegrar meðferðar. Ef hvorki sjötta nefndin né allsherjarþingið geta fundið lausn á málinu, er ekki líklegt, að sérstök ný ráðstefna bæri árangur í þeirri viðleitni.

Herra forseti: Eg er nú kominn að lokum ræðu minnar, og eg vona, að eg hafi tekið til meðferðar þýðingarmestu atriðin. En áður en eg fer úr þessum ræðustól, vil eg leggja áherzlu á, að það er umfram allt krafa ríkisstjórnar minnar, að þegar í stað verði hætt hernaðaraðgerðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi, en slíkum aðgerðum hefur aldrei verið beitt gegn neinu ríki, sem hefur einhliða fært út lögsögu sína yfir strandveiðum. Ofbeldi í viðskiptum þjóða verður að hætta.